

Mýrdalshreppur
b/t George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 26. ágúst 2019
UST201908-176/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Mýrdalshreppur - Pétursey

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Pétursey í Mýrdalshrepp.

Í greinargerð kemur fram að tillagan tekur til 17.700 m² lóðar, Pétursey 2 í Mýrdalshrepp. Á lóðinni í dag eru þrjú 45 m² gistihaus, en tillagan gerir ráð fyrir gistiheimili og gistihaus undir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á lóðinni.

Nýtingarhlutfall

Í greinargerð er gerð grein fyrir nýtingarhlutfalli lóðar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvað tillagan gerir ráð fyrir stóru gistiheimili, fjölda smáhýsa og áætlaðan fjölda gesta sem dvelja á staðnum á hverjum tíma til að meta umhverfisáhrif tillögunnar.

Ásýnd

Í greinargerð kemur fram að efni og gerð húsa sé frjáls. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir:
„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slikra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Böð

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að gera aðstöðu til afþreyingar ferðamanna svo sem heit böð og þess háttar. Umhverfisstofnun telur skilmála tillögunnar hvað þetta varðar óljósa.

Umhverfisstofnun bendir á reglugerð 460/2015 um baðstaði í náttúrinni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrinni.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur